

Bakhjarl í faglegu starfi

Vefurinn www.allirmed.is er fyrir alla sem láta sig varða hag barna. Hann er faglegur bakhjarl fyrir kennara sem vilja búa sem best í haginn fyrir öll börn sem leika og læra í fjölmennningarlegu skólasamfélagi. Sérstök áhersla er lögð á tvítyngd börn svo þau finni frá fyrstu stundu til styrks síns og mikilvægis í hópnum. Vefurinn á að vera lifandi gagnabanki þar sem hugmyndir flæða um uppbyggilegt leikskólastarf í nútíð og framtíð.

Á fjölmenningarvef Reykjavíkurborgar og á vefsíðum Leikskólasviðs eru jafnframt margþættar upplýsingar sem stuðla að bættri þjónustu við börn og foreldra af erlendum uppruna. Þar má m.a. finna bæklinga á 12 tungumálum um leikskólann og um tvítyngda barnið .



FJÖLMENNING Í LEIKSKÓLUM

enginn eins en allir með!

Allar góðar ábendingar um leiki og verkefni í fjölmennningarlegu leikskólastarfi eru vel þegnar. Þær má senda þær til Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar sem heldur utan um vefinn **www.allirmed.is**.




Leikskólasvið Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Rvík, s. 411 7000

ENGINN EINS
EN ALLIR MEÐ



VEFUR UM
FJÖLMENNINGARLEGT
LEIKSKÓLASTARF



www.allirmed.is



Í fjölmenningsarsamfélagi er mikilvægt að rækta umburðarlyndi og virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins. Fjölmenningslegt leikskólastarf tekur mið af því að allir séu einstakir og geti verið með í hópnum á eigin forsendum.

Á vefnum www.allirmed.is er lýst hvernig haga megi leikskólastarfi með margbreytileikann að leiðarljósi. Þar eru leiðbeiningar fyrir leikskólastarfsfólk um markviss vinnubrögð og kynnt eru fjölbreytt verkefni þar sem unnið er með menningarbakgrunn barna af ólíkum uppruna. Gert er ráð fyrir því að aðlaga megi verkefni og leiki að aldri og þroska allra barna í leikskólanum. Þannig er ekki einungis hugað að börnum af erlendum uppruna, heldur öllum barnahópnum þar sem sérhvert barn fær að njóta sín.

Mikill auður felst í margbreytileika og tvítýngi. Okkur ber að rækta hann og miðla svo allir njóti góðs af.

Farsæl leikskólaganga

Gagnkvæm virðing og skilningur milli starfsfólks og foreldra er grundvöllur þess að barninu líði vel í leikskólanum. Á www.allirmed.is eru leiðbeiningar um hvernig byggja megi upp farsælt foreldrasamstarf og brúa ólíka menningarheima. Einnig er farið yfir þá þætti sem hafa áhrif á hvernig lítil börn læra nýtt tungumál, hvernig styrkja megi tilfinningu þeirra fyrir móðurmálinu jafnframt því sem þeim er hjálpað við að ná tókum á íslensku sem öðru tungumáli. Barninu er fylgt eftir með góðum ráðum frá fyrsta árinu í leikskólanum og þar til það hefur öðlast góðan málþroska.

Enginn eins en allir með

Vinna þarf á uppbyggilegan og markvissan hátt með fjölbreytnina í barnahópnum. Þannig læra börnin að meta menningu hvers annars, tungumál, hæfileika og lífsstíl. Með margs konar skapandi verkefnum sem kynnt eru á www.allirmed.is eru börnin hvött til að vera þau sjálf og að vera stolt af uppruna sínum, menningararfi og útliti. Lýst er verkefnum og leikjum með persónubrúður, fjallað er um hvernig sjálfsmyndin mótast, um fjölbreytni mannlífsins og ólíkar fjölskyldugerðir með það að markmiði að opna umræðu um gildi fjölmennings. Á þann hátt venjast börn því frá unga aldri að eðlilegt sé og sjálfsagt að enginn sé eins en allir eigi að vera með. Slík verkefni ýta undir samkennd og vináttu og vinna gegn fordómum.



Verkefni

Fjölmenningslegt leikskólastarf byggist á því að unnið sé með margbreytni á víðtækan hátt í leikferni og hinum ýmsu verkefnum dagsins. Einnig að umhverfi leikskólans endurspegli fjölbreytni samfélagsins. Á www.allirmed.is er því lýst hvernig skipta megi börnum í hópa, haga vinnustundum sem best og halda utan um skráningu á leikskólastarfinu. Þar má enn fremur finna leiðbeiningar um hvernig tryggja megi vellíðan barnsins í upphafi leikskólagöngu, styrkja samskiptahæfni þess og íslenskukunnáttu.

Leikir

www.allirmed.is er hugmyndabanki um skemmtilega leiki fyrir leikskólabörn á öllum aldri. Þar eru uppskriftir að samvinnuleikjum og leikjum sem byggja á myndlistarsköpun og tónlist. Þá má finna á vefnum leiðbeiningar um hvernig efla megi grunnorðaförða barna og þekkingu þeirra á umhverfi sínu og samfélagi.